

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	10.10.19
Málalýkill	00.0
Mál nr.	1906176



Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Kópavogi, 8. október 2019.

Ágóðahlutagreiðsla 2019

Á aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ þann 20. september s.l. var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaganna.

Þar var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafns skerðist við útgreiðslu.

Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnægja þessum skilyrðum hefur verið litið til meðalhækkunar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.


Í samræmi við ofangreint ákvað stjórn EBÍ á fundi sínum nýverið að greiddar verði út 50 milljónir króna til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2019.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er ánægjulegt að geta tilkynnt að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu um **6,7 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 3.62 % og greiðsla ársins þann 16. október verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **1.810.000.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,


Anna Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri EBÍ.